

Fundargerð 73. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 12. maí kl. 09:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar, í tengslum við vorferð stjórnar, og fór hann fram í Múlanum í Neskaupsstað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Heimir Örn Árnason og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir. Þá sat Jóna Árný Þórðardóttir bæjarstjóri Fjarðabyggðar fundinn sem gestur.

Baldur Smári Einarsson tilkynnti forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Kynning Matís á vorfundi stjórnar - 2305001SU

Stefán Þór Eysteinnsson verkefnastjóri hjá Matís kynnti starfsemi Matís fyrir stjórnarmönnum og sýndi þeim rannsóknaraðstöðu fyrirtækisins í Neskaupsstað.

Stjórn þakkar fyrir greinargóða kynningu.

2. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - vorfundur 2023 - 2211004SU

Stjórn hefur verið á ferð um Múlaping og Fjarðabyggð frá kvöldi 10.maí vegna vorfundar stjórnar. Heimsótt hafa verið fyrirtæki í sjávarútvegi og kynnt starfsemi þeirra.

Stjórn þakkar öllum þeim sem á móti henni hafa tekið í þessari ferð og þakkar áhugaverðar kynningar. Það er óhætt að segja að mikill kraftur býr í sjávarútveginum og það hefur sést vel í þessum heimsóknum.

3. Kynning frá Fjarðabyggðarhöfnum á vorfundi stjórnar - 2305002SU

Jón Björn Hákonarson kynnti starfsemi Fjarðabyggðarhafna og einnig þau verkefni sem unnið er að í tengslum við uppbygginu á rafeldsneytisframleiðslu í framtíðinni.

Stjórn þakkar fyrir kynningu.

Fundi var slitið kl. 11:00